

- 4.3. Eyða skal hundum og köttum sem lent hafa í sérstakri smithættu að mati héraðsdýralæknis nema yfirdýralæknir ákveði annað.  
Heimilt er gegn bótum, sem landbúnaðarráðuneytið ákveður að lóga stórgripum eða sauðfé, sem lendir á svæðum þar sem gripir sjúkir af hringskyrfi eru eða hafa verið.

5. gr.

**Sérákvæði um Austur-Eyjafjallahrepp.**

- 5.1. Tilkynna skal búfjársjúkdómanefnd um fyrirhugaða flutninga á nautgripum milli bæja í A-Eyjafjallahreppi. Hún heldur um þá skrá og tilkynnir héraðsdýralækni eftir ástæðum.
- 5.2. Tilkynna skal eiganda, hreppstjóra eða búfjársjúkdómanefnd um stórgripi sem sjást utan girðinga í A-Eyjafjallahreppi.

6. gr.

- 6.1. Um brot á auglýsingu þessari fer eftir 6. gr. l. nr. 11/1928, sbr. 24. gr. l. nr. 75/1982.

Auglýsing þessi öðlast gildi þegar í stað.

*Landbúnaðarráðuneytið, 30. mars 1988.*

**Jón Helgason.**

*Jón Höskuldsson.*

## REGLUGERÐ

**um breyting á reglugerð nr. 103 19. ágúst 1948 um eftirlit með innflutningi plantna o.fl.**

1. gr.

Við 2. mgr. 2. gr. rg. nr. 103/1948, sbr. rg. nr. 46/1984 bætist nýr staflíður, er verði h—líður, svohljóðandi:

- h. Að plönturnar eða plöntuhlutarnir séu lausir við ameríska blómatripsið (*Frankliniella occidentalis*). Þegar um er að ræða plöntur með rót eða plöntuhluta sem ætlunin er að ræta og rækta áfram skal vottorð jafnframt staðfesta að plönturnar komi frá ræktunarstað þar sem *Frankliniella occidentalis* hafi ekki fundist á undangengnum þremur mánuðum áður en plönturnar fóru af stað.

2. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt lögum nr. 51 29. maí 1981 um varnir gegn sjúkdómum og meindýrum á plöntum, öðlast þegar gildi.

*Landbúnaðarráðuneytið, 30. mars 1988.*

**Jón Helgason.**

*Jón Höskuldsson.*